

Öryggisnefnd

Nefndina skipa: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir formaður, Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, Leifur Stefánsson, Sveinn Heiðra Jóhannesson

Öryggisnefnd var fámenn en vel skipuð nefnd.

Fyrstu verkefni nefndarinnar voru fundir með Vátryggingafélagi Íslands um möguleika á að nota Atvik slysaskráningarkerfi til að kortleggja hestaslys og styrkveitingar til öryggismála. Ekki var talið möguleiki á að nota Atvikakerfi Vátryggingafélagsins en félagið féllst á styrk til öryggismála.

Öryggisnefndin hefur útbúið Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga, sem nú liggur fyrir þingið til samþykktar eða synjunar.

Þá stóð nefndin fyrir gerð tveggja öryggismyndbanda. Annarsvegar um reiðtygi sem frumsýnt var á formannafundinum 2023. Nefndin fékk til liðs við sig Guðmund Árnason söðlasmíðameistara sem fjallaði um öryggi í tengslum við reiðtygi og fór yfir nokkur atriði sem við getum sjálf haft augun opin fyrir þegar við yfirförum reiðtygin okkar. Seinna myndbandið var um Öryggisbúnað knapa, hjálmanotkun og annan öryggisbúnað. Öryggisnefnd fékk til liðs við sig yngri og eldri knapa til að fjalla um öryggisbúnað og mikilvægi notkunar á öryggisbúnaði. Vátryggingafélag Íslands styrkti gerð myndbandsins.

Drög af tveimur myndböndum liggja fyrir hjá nefndinni. Annars vegar um öryggi í hesthúsum, brunavarnir og fleira og eru viðræður hafnar við Öryggismiðstöðina um að styrkja það myndband. Hins vegar um umgengi við hestinn svo sem hvernig stigið er á bak og hvernig við nálgumst hestinn með öryggi í huga.

Öryggisnefnd vonar að næsta nefnd sýni því áhuga að halda áfram með framangreind öryggismyndbönd. Myndböndin fengu mikið áhorf og telur nefndin að viðfangsefnið eigi brýnt erindi til allra hestamanna.

Þá hefur öryggisnefnd kynnt og minnt á slysaskráningarhappinn á vefsíðu LH. Nú birtast slysaskráningar á kortavefnum og er það hugsað til að hægt sé að koma auga á varhugaverða staði og læra af reynslunni.

Öryggisnefnd hefur jafnframt komið fram með tilmæli tengd öryggismálum, tekið þátt í umræðum um öryggismál, tekið fundi með erlendum öryggisfulltrúum í tengslum við öryggi á hestbaki og öryggi í reiðhöllum og gefið álit til mótshaldara um öryggismál og tryggingamál.